

REGLUR

um doktorsnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Doktorsnám í félagsvísindadeild.

Í félagsvísindadeild er unnt að stunda nám til doktorsprófs á fræðasviðum þar sem skor og deildarráð meta að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi. Markmið doktorsnáms er að veita doktorsnemum vísindalega þjálfun og búa þá undir háskólakennslu, rannsóknir eða sérfræðingsstörf. Reglur um doktorsnám við félagsvísindadeild eru settar með hliðsjón af *Viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms* sem samþykkt voru á 13. háskólafundi 21. maí 2004 (sbr. 5. tölulið 68. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands).

2. gr.

Rannsóknanámsnefnd.

Rannsóknanámsnefnd félagsvísindadeildar fer með þau málefni doktorsnáms við deildina sem deildin felur henni. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að huga að almennri stefnumótun í málefnum rannsóknarnáms í félagsvísindadeild, fjalla um umsóknir, fylgjast með framvindu doktorsnámsins og sinna öðrum málum sem deildin kann að fela henni. Í rannsóknanámsnefnd eiga sæti fulltrúar skora deildarinnar auk fulltrúa framhaldsnema og skulu þeir valdir til tveggja ára í senn. Rannsóknanámsnefnd er heimilt að skipa undirnefndir til þess að annast ákveðin verkefni svo sem inntöku í doktorsnám.

3. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur um doktorsnám við félagsvísindadeild er ákveðinn í deildarráði í janúar ár hvert og skal birtur í kennsluskrá og á vefsvæði deildar.

4. gr.

Inntökuskilyrði.

Nemandi sem hefur lokið meistaraþrófi eða sambærilegu prófi með fyrstu einkunn frá Háskóla Íslands eða öðrum háskóla getur sótt um aðgang að doktorsnámi. Einnig getur nemandi sem hefur stundað doktorsnám við annan háskóla sótt um aðgang að doktorsnámi við félagsvísindadeild. Ef nemandi hyggst hefja doktorsnám strax að loknu meistaraþrófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi, ef fyrir liggur staðfesting viðkomandi háskóla-deildar um að hann muni væntanlega ljúka náminu með fullnægjandi árangri áður en doktorsnám hefst. Heimilt er að tilgreina í kennsluskrá önnur inntökuskilyrði en þau sem hér eru nefnd. Ef skortir á að undirbúningur nemanda samsvari þeim undirbúningi sem framangreind próf eiga að tryggja, má gera frekari námskröfur eftir því sem ástæða þykir til.

5. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum um doktorsnám skal skilað til skrifstofu félagsvísindadeildar. Ferli umsóknar er sem hér segir:

- a) Umsókn um doktorsnám skal skilað á sérstöku eyðublaði félagsvísindadeildar. Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteinum, greinargerð um faglegar forsendur umsækjanda til að leggja stund á námið, frumdrög að rannsóknaráætlun, verkáætlun með

greinargerð um aðstæður umsækjanda til að sinna náminu og önnur fylgiskjöl, sbr. leiðbeiningar sem gefnar eru út af félagsvísindadeild.

- b) Skrifstofa félagsvísindadeildar fer yfir og skráir umsóknir og athugar hvort tilskilin gögn fylgja. Umsókn er fyrst lögð fyrir rannsóknanámsnefnd, sem staðfestir að öllum inntökuskilyrðum sé fullnægt og gefur formlega umsögn um umsóknina, með tilvísun í þá liði sem tilgreindir eru í lið a). Aðeins þær umsóknir sem rannsóknanámsnefnd telur uppfylla skilyrði fyrir inntöku koma til meðferðar viðeigandi skorar.
- c) Umsókn fer síðan til afgreiðslu í hlutaðeigandi skor. Skor samþykkir umsókn sem hún telur fullnægjandi. Til að skor samþykki umsókn þarf að vera ljóst að umsækjandi hafi nægar forsendur til að takast á við umrætt verkefni, að tiltækur sé í skorinni sérfræðingur á því sviði sem rannsóknin fjallar um og að skor telji að fjárhagslegur grundvöllur sé til að sinna nemandanum. Tekið skal tillit til reglna deildar um hámarksfjölda doktorsnemenda hjá hverjum leiðbeinanda. Með samþykki skorar fylgi rökstuðningur um afgreiðslu varðandi alla meginliði umsóknar, rökstudd ábending um leiðbeinanda og samþykki hans, og ábendingar um það viðbótarnám sem umsækjandi kann að þurfa. Mat skorar byggist m.a. á viðtali við umsækjanda.
- d) Rannsóknanámsnefnd tekur við afgreiðslu skorar og undirbýr afgreiðslu í deildarráði þannig að jafnræðis sé gætt í meðferð umsókna.
- e) Deildarskrifstofa svarar umsækjanda skriflega eftir að deildarráð hefur afgreitt umsóknina.
- f) Ef umsóknin er samþykkt tilkynnir deildarskrifstofa skrifstofu nemendaskrár um afgreiðsluna.
- g) Umsækjandi sem félagsvísindadeild hefur samþykkt í doktorsnám skal snúa sér til skrifstofu nemendaskrár og ganga frá innritun og skráningu.
- h) Deildarskrifstofa varðveitir umsóknargögn og námsferilsgögn doktorsnema.

6. gr.

Einingafjöldi og tímallengd náms.

Doktorsnám við félagsvísindadeild samanstendur af 90e doktorsritgerð og 15e í námskeiðum í vísindaheimspeki og siðfræði vísinda, sérhæfðri aðferðafræði og/eða kenningum (á almennu fræðasviði doktorsverkefnis).

Námskeiðunum skal almennt lokið á fyrstu tveimur árum doktorsnámsins, eða áður en 2/3 doktorsritgerðarinnar er lokið.

Hafi nemandi lokið 45e meistaraprófi, eða 60e starfsmiðuðu meistaranámi, þarf hann að öðru jöfnu að ljúka 15e námskeiðum í kenningum greinarinnar og aðferðafræði, umfram það sem áður er nefnt og áður en rannsóknaráætlun er endanlega staðfest.

Auk þess sem áður er nefnt getur skor gert kröfu um að nemi í doktorsnámi taki allt að 30e bóknámshluta, sé talin þörf á að bæta við undirstöðuþekkingu hans í aðferðafræði rannsókna eða á fræðasviði doktorsnámsins. Þessum einingum skal lokið áður en rannsóknaráætlun fæst samþykkt.

Doktorsnám við félagsvísindadeild er að lágmarki 3ja ára fullt nám. Námið má þó taka 5 ár og teljast innan eðlilegra marka. Stundi nemendur námið að hluta má námið taka allt að 6 árum. Ef ekki tekst að ljúka náminu á þessum tíma getur nemandinn sótt um undanþágu frá tímamörkum til rannsóknanámsnefndar. Verði undanþága veitt má setja þau skilyrði að nemandi uppfylli þær kröfur sem þá eru í gildi um doktorsnám þótt hann hafi hafið námið meðan aðrar reglur giltu. Nemandinn skal vera skráður og greiða skráningargjald allan náms-tímann.

7. gr.

Tengsl meistara- og doktorsnáms.

Námskeið í grunnnámi (B.A.-námi eða samsvarandi námi) geta ekki verið hluti af bók-námi doktorsnema, en heimilt er að meta námskeið á meistarastigi sem hluta af doktorsnámi, enda hafi þau ekki áður verið metin sem hluti af meistaranámi viðkomandi. Ekki er heimilt að nota meistararitgerð aftur sem uppiðstöðu í doktorsritgerð, en í ýmsum tilvikum getur verið æskilegt að halda áfram á sama eða skyldu rannsóknasviði.

8. gr.

Leiðbeinandi.

Sérhver doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa leiðbeinanda. Leiðbeinandi skal vera fastur kennari, dósent eða prófessor í viðkomandi grein. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur doktorsnema skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni nemandans á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Skipan leiðbeinanda er háð samþykki deildarráðs.

Hlutverk leiðbeinanda er að fylgjast með vinnu doktorsnemans, veita leiðsögn við doktorsverkefni og vera formaður doktorsnefndar. Nemandinn ráðfærir sig við leiðbeinanda um gerð rannsóknaráætlunar, skipulag námsins, val námskeiða og annað sem tengist náminu. Leiðbeinandi gerir rannsóknanámsnefnd grein fyrir námsframvindu doktorsnemenda sinna einu sinni á ári.

Félagsvísindadeild setur nánari reglur um samstarf og hlutverk leiðbeinanda, doktorsnema og doktorsnefndar. Hætti leiðbeinandi stöfum skal deild leitast við, eftir því sem kostur er, að finna nemandanum annan leiðbeinanda. Komi upp illeysanlegur ágreiningur á milli leiðbeinanda og nemanda, skal honum vísað til rannsóknanámsnefndar sem gerir tillögu um úrlausn.

9. gr.

Doktorsnefndir.

Þegar nemandinn er tilbúinn til þess að leggja fram ítarlega rannsóknaráætlun skal deildarráð skipa doktorsnefnd að fengnum tillögum frá hlutaðeigandi skor. Doktorsnefnd skal skipuð leiðbeinanda (sem er formaður nefndarinnar) og tveimur til fjórum sérfræðingum á fræðasviðinu, skal a.m.k. einn þeirra ekki vera starfsmaður skorar í fullu starfi. Eftir að doktorsnefnd hefur verið skipuð sendir deildarskrifstofa hverjum nefndarmanni skipunarbréf ásamt upplýsingum um hlutverk og reglur doktorsnefnda sem í gildi eru hverju sinni í félagsvísindadeild. Nefndin getur lagt til við deild að fleiri en formaður doktorsnefndarinnar gegni leiðandi leiðbeiningarhlutverki og þá skal gerð grein fyrir því til rannsóknanámsnefndar.

Hlutverk doktorsnefndar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og að tryggja fagleg gæði rannsóknarvinnunnar í samræmi við reglur deildar. Doktorsnefnd skal jafnframt leiðbeina nemandanum, yfirfara og samþykkja rannsóknaráætlun doktorsefnis. Nemandinn skal jafnframt staðfesta almenna fræðilega og aðferðalega þekkingu sína á viðkomandi sviði á fundi doktorsnefndar. Telji doktorsnefnd að doktorsefnið hafi fullnægjandi tók á fræðasviðinu og hefur samþykkt rannsóknaráætlun skal áætlunin lögð fyrir rannsóknanámsnefnd. Ef þekking doktorsefnis og rannsóknaráætlun eru ekki viðunandi að mati doktorsnefndar er málinu skotið til rannsóknanámsnefndar sem metur hvort forsendur séu brostnar fyrir því að doktorsefnið haldi áfram námi eða gerir tillögur til úrbóta ef við á.

Doktorsnefndin skilar rökstuddu álitni til deildarforseta um hvort veita skuli doktorsefni kost á að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar.

10. gr.

Tilhögun náms, námsframvinda og námskröfur.

Í lok fyrsta námsárs, eða í samræmi við samþykktá verkáætlun við inntöku, gerir doktorsnemi, í samráði við leiðbeinanda, nákvæma rannsóknaráætlun, áætlun um námshraða og dvöl erlendis, ef við á. Áætlunin skal lögð fyrir hlutaðeigandi doktorsnefnd. Náminu verður því aðeins fram haldið að doktorsnefndin samþykki áætlunina. Samþykkt áætlun skal send skrifstofu félagsvísindadeildar þar sem hún verður hluti af námsferilsskrá doktorsnemans.

Fyrir 1. júní ár hvert skal hver doktorsnemandi skila til deildar skriflegri greinargerð um stöðu námsins og framvindu. Skipti doktorsnemi um rannsóknarefni skal ný áætlun lögð fyrir skor og deildarráð.

Doktorsnemar geta stundað bóknám (námskeið og málstofur) til doktorsprófs við Háskóla Íslands eða við erlenda háskóla og fengið það metið. Doktorsnemar sem hafa lokið bæði B.A.-námi og meistaranámi við íslenska háskóla skulu taka hluta af doktorsnámi sínu við erlenda háskóla. Félagsvísindadeild setur sérstakar reglur um námskröfur í doktorsnámi.

Doktorsnemendur skulu taka virkan þátt í málstofum doktorsnámsins og m.a. kynna verkefni sín a.m.k. einu sinni á ári, taka þátt í umfjöllun um verkefni annarra og taka almennt þátt í faglegri umræðu í sinni skor.

Doktorsnemar skulu á fyrsta námsári staðfesta kunnáttu sína í almennum verklagsþáttum sem gerð er krafa um í viðkomandi skor.

11. gr.

Kröfur til doktorsritgerða.

Doktorsnemi lýkur rannsóknum sínum með viðamikilli ritsmíð. Til doktorsritverka eru gerðar kröfur um fagleg og vísindaleg vinnubrögð og sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu. Meginreglan er sú að doktorsritgerð sé eitt heildstætt verk. Einnig er heimilt að leggja fram ritsmíð sem byggð á birtum vísindagreinum sem mynda samstæða heild. Sé sú leið valin, skal semja sérstaka yfirlitsgrein þar sem dregið er saman efni hinna einstöku greina, settar fram heildarályktanir og efni þeirra tengt fræðilega. Þegar doktorsritgerð er samsett af greinum skulu þær allar hafa verið samþykktar til birtingar á viðurkenndum ritryndum vettvangi. Ritgerð skal ekki vera lengri en 100 þús. orð.

Doktorsritgerð skal vera skrifuð á ensku nema sérstök rök séu fyrir því að hafa hana á íslensku.

12. gr.

Skil og frágangur doktorsritgerðar.

Þegar doktorsnemi hefur lokið ritgerð sinni skal senda hana í vel frágengnu lokahandriti til deildar með rökstuddu álitu doktorsnefndar um að henni sé lokið. Í samráði við leiðbeinanda er ritgerðin þá send til andmælenda (sjá 14. gr.)

Við skil og frágang á doktorsritgerð skal fylgt sérstökum reglum félagsvísindadeildar þar að lútandi. Hverri doktorsritgerð skal fylgja útdráttur á íslensku og ensku.

13. gr.

Mat á námsferli.

Um leið og doktorsritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram námsferilsyfirlit nemanda, sem skrifstofa félagsvísindadeildar og skrifstofa nemendaskrár ganga frá og staðfesta.

14. gr.

Andmælendur.

Andmælendur við doktorsvörn skulu vera tveir óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Þeir eru valdir af deildarráði að fengnum tillögum frá hlutaðeigandi skor.

Einungis þeir sem sjálfir hafa lokið doktorsprófi geta verið andmælendur við doktorsvarnir hjá félagsvísindadeild. Annar andmælandinn skal vera utan deildar og er æskilegt að hann komi frá öðrum háskóla en hinn má vera innan deildar. Andmælendur fá ritgerðina í hendur a.m.k. fjórum mánuðum áður en fyrirhuguð vörn fer fram. Tveimur mánuðum síðar er gert ráð fyrir að þeir hafi sent rökstudda umsögn um hvort þeir telji að ritgerðin sé tæk til varnar að þeirra mati, ásamt ábendingum um nauðsynlegar breytingar, séu þær einhverjar. Forsendur þess að doktorsvörn sé haldin er að doktorsnemandi hafi gert viðunandi lagfæringar að mati andmælenda og leiðbeinanda.

15. gr.

Doktorsvörn.

Doktorsefni skal verja ritgerð sína við Háskóla Íslands í heyranda hljóði á þeim degi sem félagsvísindadeild ákveður. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum félagsvísinda-deildar og Háskóla Íslands um doktorspróf. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir doktorspróf sbr. ákvæði 61. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands. Félagsvísindadeild setur nánari reglur um framkvæmd doktorsvarna.

16. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Heimilt er að taka hluta doktorsnáms við aðra háskóla. Heimilt er að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum háskóla.

17. gr.

Fyrningarreglur.

Doktorsnám við félagsvísindadeild er 3ja ára fullt nám eða 5 ára hlutanám, sbr. 6. gr. Hafi nemandi ekki lokið námi þegar 8 ár eru liðin frá upphafi námsins fyrmist það.

18. gr.

Lærdómstitlar.

Doktorspróf við félagsvísindadeild veitir lærdómstitilinn *Philosophiae Doctor* (Ph.D.).

19. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í félagsvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og ákvæði IV. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi. Reglurnar koma til framkvæmda frá og með umsóknarfresti um doktorsnám á haustmíssi 2006. Jafnframt falla þá úr gildi eldri reglur nr. 258/2004, um doktorsnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Háskóla Íslands, 7. september 2006.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.